

Fundargerð samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna (LSS) og Sambands íslenskra sveitarfélaga þann 28. ágúst 2020.

Fulltrúar LSS var: Hermann Sigurðsson og Magnús Smári Smáráson. Fulltrúar SNS voru: Benedikt Valsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Þessi mál voru tekin fyrir:

1. Stytting vinnutíma í vaktavinnu. Innleiðinga á fylgiskjali 3

Varðandi innleiðingu á styttingu vinnutíma í vaktavinnu á grundvelli bókkunar 6 með kjarasamningi aðila hefur samstarfsnefndin orðið sammála um að vinna úr bókkuninni með eftirfarandi hætti.

1. maí 2021 – 13 mínútna stytting vinnutíma

- Frá 1. maí 2021 ávinnur starfsmaður sér 13 mínútna styttingu vinnutíma fyrir hverja vakt óháð lengd.

1. maí 2022 – nýtt vaktafyrirkomulag

- Í ársbyrjun 2021 verður stofnaður sameiginlegur vinnuhópur samningsaðila og rekstraraðila.
- Stefnt er að því að nýtt vaktafyrirkomulag liggja fyrir í árslok árslok 2021.
- Nýtt vaktafyrirkomulag taki gildi eigi síðar en 1. maí 2022.

2. Bakvaktargreiðslur fyrir slökkviliðsstjóra í sveitarfélagi.

Borgarbyggð óskar eftir skriflegu samþykki samstarfsnefndar SNS og LSS um að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir. Sveitarfélag óskar eftir að fjallað verði um erindið með tilliti til fyrirliggjandi upplýsinga um fjölda útkalla til slökkviliðs sveitarfélags síðustu 5 ár. Óskað er eftir skriflegu samþykki samstarfsnefndar aðila til að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir sbr. grein 2.5.7. í kjarasamningi aðila:

„Grein 2.5.7. um bakvaktir breytist og hljóði svo: Heimilt er með samkomulagi starfsmanna og forráðamanna stofnunar/sveitarfélags og með skriflegu samþykki samstarfsnefndar aðila að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir en að framan greinir. Liggja samþykki samstarfsnefndar ekki fyrir gildir grein 1.6.2.“

Erindið byggir á samantekt um öll útköll Slökkviliðs sveitarfélags utan dagvinnutíma á árunum 2015 til 2019. Útköllin á síðustu fimm árum eru 93.

Ár	Útköll
2015	20
2016	22
2017	23
2018	14
2019	14

Niðurstaða:

Málið er í farvegi.

3. Brunavarnir sveitarfélaga, menn kallaðir úr orlofi til að leysa af í sveitarfélagi

Vegna neyðarástands í sjúkraflutningum í sveitarfélagi leitaði Heilbrigðisstofnun sveitarfélaga til Brunavarna sveitarfélaga um aðstoð. Til að bregðast við vandanum var m.a. leitað til starfsmanna sem voru í sumarorlofi á þeim tíma og þeim boðin yfirvinna.

Ágreiningur er um hvort aðilar hafi komið til vinnu til að leysa af eða hvort vinnuveitandi hafi verið að kaupa orlof af viðkomandi.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að þar sem að starfsmennirnir tóku að sér yfirvinnu fyrir vinnuveitanda þegar þeir voru í orlofi og fengu fyrir þá vinnu greitt yfirvinnukaup, beri að líta svo á þeir hafi með því afsalað sér orlofi þá daga.

Vilji hlutaðeigandi starfsmenn engu að síður að halda orlofsrétti sínum þennan tíma ber þeim að endurgreiða yfirvinnulaunin og taka orlofið.

4. Sveitarfélag, slökkviliðsmaður smitast af Covid 19 í sjúkraflutningum.

Starfsmaður smitast í vinnunni af Covid 19 þann 19. mars 2020. Starfsmaður getur samkvæmt trúnaðarlækni ekki starfað lengur við reykjöfun og er kominn á dagvaktir. LSS óskar eftir að lítið verið á svona mál sem vinnuslys.

Niðurstaða:

SHS hefur leyst málið. Covid sýking sem starfsmenn verða fyrir við vinnu sína teljast vinnuslys. Covid sýking sem starfsmenn verða fyrir í frítíma sínum teljast veikindi í skilningi kjarasamningsins.

5. Bakvaktagreiðslur fyrir hlutastarfandi sjúkraflutningamenn í sveitarfélagi

Haustið 2018 gerði sveitarfélag samkomulag við Heilbrigðisstofnun sveitarfélaga um yfirtöku á sjúkraflutningum. Umræddir sjúkraflutningamenn samþykktu launasetningu starfa þeirra hjá sveitarfélagi.

Niðurstaða:

Málinu frestað til næsta fundar. SNS kannar stöðuna á núverandi fyrirkomulagi hjá sveitarfélagi.

6. Viðmið samstarfsnefndar um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir samkv. gr. 2.5.7

Eins og segir í gr. 2.5.7 er starfsmönnum og forráðamönnum stofnunar/sveitarfélags heimilt með skriflegu samþykki samstarfsnefndar að semja um annað fyrirkomulag greiðslu fyrir bakvaktir en segir í gr. 1.6.2.

Niðurstaða:

Samstarfsnefndin er sammála um að nefndin setji sér viðmið vegna afgreiðslu erinda samkvæmt gr. 2.5.7. Viðmiðin verða sett og ákveðin í samvinnu við stjórnendur slökkviliða og rædd frekar í kjaraviðræðum um þann hóp.

Fleira ekki gert.